



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, 382. mál

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt.

Frumvarp þetta er nátengt frumvarpi um farþegagjald og gistináttagjald sem er til meðhöndlunar í efnahags- og skattanefnd Alþingis. Ferðamannaiðnaður er vaxandi atvinnugrein hér á landi og miklar vonir bundnar við það að greinin geti áfram vaxið umtalsvert með því að lengja ferðamannatímamann hér á landi. Vöxtur greinarinnar eru heldur ekki bundinn takmörkunum líkt og gildir um vöxt annarra útflutningsgreina sem nýta náttúruauðlindir. Ferðamannaiðnaðurinn er hins vegar afar viðkvæmur fyrir ytri röskun, enda horfa flestar nágrannaþjóðirnar til þessa iðnaðar sem vaxtasprota í sínu efnahagsumhverfi. SA vara við því að neikvæð áhrif farþegagjalds og gistináttagjalds geti orðið verulega meiri á þjóðarþúið en sem nemur þeim tekjum sem gjöldin kunna að skila í ríkissjóð.

Í 3. gr. frumvarps um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða kemur fram að árlegar tekjur sjóðsins eru framlag ríkissjóðs sem nánar er ákveðið í fjárlögum, vextir af fé sjóðsins og aðrar tekjur. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að sú fjárhæð sem ráðstafað verður af fjárlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða muni endurspeglar 3/5 af innheimtu farþegagjaldi og gistináttagjaldi.

Það er eindregin skoðun Samtaka atvinnulífsins að verði tekið upp farþegagjald og gistináttagjald þá eigi það að fullu að renna til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Annað er óásættanlegt fyrir greiðendur gjaldsins og í ósamræmi við markmið frumvarpsins.

Samtök atvinnulífsins leggja því til að í 3. gr. frumvarpsins verði lögfest tenging tekna sjóðsins við innheimtu af farþegagjaldi og gistináttagjaldi, þ.e. að innheimta af farþegagjaldi og gistináttagjaldi renni alfarið í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Að öðrum kosti er hætta á að sífellt stærri hluti gjaldanna fari til að standa undir almennum rekstri ríkisins. Í því sambandi er vert að minna á þróun sérstaks gjalds sem kveðið er á um í lögum um Ríkisútvarpið ohf. og var í upphafi ætlað að fjármagna rekstur þess.

Þá leggja SA áherslu á að inn í lögin verði sett ákvæði sem geri ráð fyrir að lög nr. 84/2007, um opinber innkaup, gildi um framkvæmdir sem fjármagnaðar eru með fé úr sjóðnum.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

